

Stjórnarfundur GHG 27. maí 2014

Mættir voru: Auðunn, Össur, Ólafur, Ásta, Páll, Morten og Kristinn framkvæmdastjóri. Alli og Steini fjarverandi.

1. Fundargerð frá síðasta fundi samþykkt. Fundargerð frá félagsfundi samþykkt.
2. Frá nefndum.
 - **Afreksnefnd.** Gunnar Marel hefur beðið um leyfi frá nefndarstörfum. Steingrímur Ingason samþykktur inn í hans stað.
 - Auðunn gerir tillögu um að fela afreksnefnd að skipa liðstjóra í sveitakeppni. Stjórn samþykkir.
 - Auðunn segir frá því að Golfklúbbur Bakkakots sé með skipulag FootJoy bikarsins á sínum snærum. Frétta verði að vænta af þeirri keppni innan skamms.
 - Rætt um að bóka gistingu sem fyrst fyrir kvennasveit á Sauðárkróki.

 - **Vallarnefnd.** Girðingamál hafa verið rædd. Spurnig hver eigi að fjarlægja girðingu í norðanverðum Gufudal. Össur mun spyrjast fyrir um þetta.
 - Rætt um að þurfi að fúaverja brýr.

 - **Útbreiðslu- og skemmtinefnd.** Ásta segir frá kynningardegnum 23. maí, hefði viljað sjá fleiri mæta.
 - Níu manns mættu á fyrsta nýliða kennsludaginn. Rætt um að láta hné fylgja kviði og halda áfram að auglýsa og ýta á fólk að ganga í klúbbinn.

 - **Kvennanefnd.** Kvennagolf farið af stað. Sigrún sagði að hugmyndir um miðnæturgolfmót væru ekki á borðinu lengur. Það væri vegna tímasetningarinnar, sem þarfnast endurskoðunnar.

 - **Barna- og unglinganefnd.** Æfingar fyrir börn hafnar. Undirbúningur fyrir Bandaríkjaferð er í fullum gangi. Afrekshópur æfir af fullum krafti og fólk úr þeim hópi farið að taka þátt í mótum með góðum árangri.

 - **Mótanefnd.** Umræður um framkvæmd móta.
3. Frá framkvæmdastjóra.
 - Miklar fyrirspurnir frá hópum.
 - Kristinn hefur verið að vinna í bókhaldinu.
 - Kristinn segir frá því að þrýstingur frá borholu hafi verið að falla, þörf á hreinsunaraðgerðum á kerfi.
 - Hefur verið að vinna í mati á gámamálinu, verið að kanna verð á hurðum og kanna verð á flutningi á gámnum – hingað til of há tilboð.

- Einhverjar minniháttar viðgerðir eru á slátturvélum.
 - Er búinn að fara yfir samninga, Kristinn sagði frá þeim. Hann spyr stjórn um skoðanir á því hvaða vörur eigi að taka út hjá Nýherja vegna samninga við þá. Vantar prentara og skanna. Væri líka hægt að nota í vinninga fyrir mót.
 - Sigrún sagði frá „brautum í fóstri“ samanber starf félagsmanna á Garðavelli Akranesi. Hún leggur þessa hugmynd fyrir vallarnefnd.
 - Ásta spyr hvort ekki sé hægt að hafa bauk eða upplýsingamiða í glugga í skála, svo fólk geti greitt fyrir hringi þegar skáli er lokaður. Lagt til að byrjað verði á að setja upplýsingar á miða í glugga svo fólk geti millifært.
 - Rætt um rekstur skála og opnunartíma.
4. Næsti fundur þann 10. júní.
 5. Sviðsmyndir um framtíðarskipan reksturs ræddar. Kristinn framkvæmdastjóri vék af fundi fyrir þær umræður.
 6. Almennar umræður.

Fundi slitið kl. 22:15